

Fundargerð 107. fundar stjórnar Próunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 12. maí 2016, kl. 10:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Sigrún Árnadóttir,

Fjóla Hrund Björnsdóttir,

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.frkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Tilboð í fasteignir og kaupsamningar*

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað varðandi kauptilboð og kaupsamninga undir þessum lið.

a. *Tilboð í eignir frá Íslenskum fasteignum*

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi tilboð frá Íslenskum fasteignum ehf. Stjórn fól framkvæmdastjóra að gera gagnaþilboð til Íslenskra fasteigna ehf. á þeim forsendum sem um var rætt undir þessum lið.

b. *Tilboð í Skógarbraut 915, 917, 919, 923 ásamt tilboði í Keilisbraut 748 frá Galdrasmíði ehf.*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Galdrasmíði ehf. í fasteignirnar að Skógarbraut 915, 917, 919, 923 ásamt tilboði í Keilisbraut 748. Stjórn hafnaði tilboðunum í allar eignirnar.

c. *Tilboð í Breiðbraut 675 frá Ásmundi Jónssyni.*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Ásmundi Jónssyni í Breiðbraut 675. Stjórn hafnaði tilboðinu.

d. *Tilboð í Skógarbraut 923, og tilboð í Bogatröð 31 og 33 frá Iðavöllum 13 ehf.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá Iðavöllum 13. Stjórn hafnaði tilboðunum í allar eignirnar.

e. *Tilboð í Keilisbraut 748 frá IGS fasteignum ehf.*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá IGS fasteignum ehf. í fasteignina að Keilisbraut 748. Stjórn samþykkti tilboð IGS fasteigna ehf.



f. *Tilboð í Flugvallarbraut 790 frá OMR verkfræðistofu ehf.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá OMR verkfræðistofu ehf. í Flugvallarbraut 790.
Stjórn hafnaði tilboðinu.

g. *Tilboð í Valhallarbraut 744 og Keilisbraut 748 frá Garðari Newman og Presti Leossyni fh. óstofnaðs félags.*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Garðari Newman og Presti Leossyni fh. óstofnaðs félags í Valhallarbraut 744 og Keilisbraut 748,
Stjórn hafnaði báðum tilboðunum.

3. *MyGroup – beiðni til stjórnar*

Fjóla Hrund Björnsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.
Framkvæmdastjóri fjallaði um beiðni MyGroup til stjórnar um breytta skilmála í kaupsamningi. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að útfæra breytta skilmála á sölunni til MyGroup samkvæmt því sem um var rætt undir þessum lið.

4. *Fluglestin.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn stofnun þróunarfélags í tengslum við verkefnið um lagningu hraðlestar milli flugstöðvarinnar og Reykjavíkur. Stjórn samþykkti að leggja til 10 milljónir til verkefnisins.

5. *Íslandsstofa - samningur*

Framkvæmdastjóri sagði frá samstarfsamningi við Íslandsstofu. Stjórn taldi þetta vera gott samstarf og samþykkti samninginn.

6. *Nordic Networks.*

Framkvæmdastjóri sagði frá undirbúningi við nýjan fjarskiptastreng sem verið er að leggja til Íslands. Stjórn telur þetta vera spennandi verkefni með mikil tækifæri fyrir svæðið. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna frekar að málinu.

7. *Ársreikningar og ársskýrsla lögð fyrir.*

Ársreikningar 2015 og ársskýrsla voru lögð fram til kynningar.




8. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd undir önnur mál.

Næsti stjórnarfundur áætlaður í júní nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.45


Sigrún Arnadóttir